

Mars 2021



# Girðingar í eigu opinberra aðila

Stöðumat á hagsmunum og kostnaði



## Útgefandi:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Mars 2021

[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)

[www.stjornarradid.is](http://www.stjornarradid.is)

## Umbrot og textavinnsla:

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

©2019 [Ráðuneyti með höfundarrétt]

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Mynd á forsíðu: Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

# Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	4
1.1 Girðingar á vegum hins opinbera .....	4
1.2 Starfshópur og verkefnið.....	5
2. Samantekt á upplýsingum .....	6
3. Lagalegt umhverfi .....	10
3.1 Viðhald girðinga.....	10
3.2 Lausaganga búfjár og fjallskil.....	11
4. Hagsmunir .....	13
4.1 Umferðaröryggi.....	13
4.2 Sjúkdómavarnir.....	13
4.3 Vernd og endurheimt vistkerfa.....	14
4.4 Ræktun nytjalands.....	14
4.5 Skógrækt.....	14
4.6 Beitarstjórnun og réttur til beitar.....	14
4.7 Friðlönd og þjóðgarðar.....	15
4.8 Fjölbreytt landnýting í sveitum.....	15
4.9 Þéttbýliskjarnar.....	15
5. Áskoranir.....	16
6. Samantekt og tillögur.....	18
7. Heimildir.....	19

# 1. Inngangur.

## 1.1 Girðingar á vegum hins opinbera

Í skipunarbréfinu (dagsett 27. ágúst 2020) kemur fram að samkvæmt samantekt starfshóps á vegum umhverfiráðherra annarsvegar og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hins vegar um beitarstjórnun og sjálfbæra landnýtingu að kostnaður stofnana ríkisins vegna girðinga árið 2010 var um 390 milljónir kr. Þá er ótalinn kostnaður sveitarfélaga við nýgirðingar og viðhald. Ekki liggur fyrir nýrri samantekt á þessum kostnaði ríkisins og annarra opinberra aðila.

Þar segir einnig að meginþorri girðinga sé reistur til að hafa stjórn á umferð og beit búfjár, einkum sauðfjár en einnig stórgripa s.s. hrossa og nautgripa. Í skýrslu áður nefnds starfshóps kemur fram að vegna þeirrar meginreglu í íslenskum lögum að eigendur búfjár bera ekki ábyrgð á því er fé þeirra gengur á landi annarra og í ljósi verulegra breytinga á landnotkun þá er víða uppi ágreiningur milli eigenda búfjár og annarra landeigenda sem mikilvægt er að unnið sé með og leitað lausna. Í ljósi mismunandi aðstæðna má telja líklegast að unnt sé að samræma búfjárbeit annarri landnýtingu svæðisbundið. Auk þess liggur fyrir að ákeyslur á búfé eru viðvarandi vandamál á þjóðvegum landsins, sem veldur ómældu tjóni fyrir bændur, á ökutækjum og í sumum tilvikum, slysum á fólki.

Þá segir enn fremur að lög um búfjárhald kveði á um að sveitarstjórnir hafi heimild til að banna lausagöngu búfjár og dæmi eru um að sveitarfélög hafi sett bann við henni á vegsvæðum. Fáein sveitarfélög hafa samþykkt bann við lausagöngu búfjár á stærri svæðum. Dæmi um slíkt er í landnámi Ingólfs þar sem bannið er útfært með samningum við hlutaðeigandi aðila. Sérstök beitarhólf hafa verið afmörkuð og girt í stað þess að girt sé með öllum vegum og umhverfis allt þéttbýli. Verulegur ávinningur getur fengist af auknu samstarfi ríkis, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila um girðingar.

## 1.2 Starfshópur og verkefnið

Í ágúst árið 2020 var starfshópur skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra og starfar á vegum þriggja ráðuneyta ríkisstjórnarinnar, umhverfis- og auðlindaráðuneytis, atvinnuveg- og nýsköpunarráðuneytis sem og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Verkefnið er unnið í almanna þágu og er markmið vinnuhópsins að móta samstarf helstu aðila sem hagsmuna hafa að gæta varðandi umbætur og hagræðingu vegna girðinga og hvernig þetta samstarf yrði best unnið á svæðisvísu.

Í fyrsta áfanga var hópnum gert að vinna uppfærðar kostnaðartölur og samantekt um legu og umfang girðinga hvernar stofnunar, sveitafélaga og eftir atvikum annarra aðila eftir landssvæðum. Jafnframt átti hópurinn að vinna greiningu á helstu hagsmunum, áskorunum og tækifærum til úrbóta við núverandi aðstæður s.s. með tilliti til kostnaðar, gróðurverndar, ræktunar, dýraverndar og umferðaröryggis. Þessi samantekt yrði kynnt fyrir ráðuneytunum eigi síðar en 1. desember 2020.

Í öðrum áfanga átti hópurinn að draga saman tillögur að verkefnum sem geti leitt til ávinnings. Þessar tillögur byggðu á samráði við þá sem best þekkja til aðstæðna á hverju svæði. Tillögurnar yrðu kynntar fyrir ráðuneytunum eigi síðar en 1. október 2021.

Starfshópurinn er skipaður fulltrúum þessar þriggja ráðuneyta, sveitarfélaga og bænda:

Pálmi Þór Sævarsson, formaður starfshópsins, skipaður án tilnefningar.

Gústav Magnús Ásbjörnsson, sviðsstjóri, tilnefndur af Landgræðslunni.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, sviðsstjóri tilnefnd af Skógræktinni.

Sigrún Bjarnadóttir, dýralæknir sauðfjár og nautgripasjúkdóma, tilnefnd af Matvælastofnun/yfirdýralækni.

Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdarstjóri, tilnefndur af Bændasamtökunum.

Starfshópurinn starfaði í umboði áður nefndra ráðuneytanna.

Starfshópurinn hittist á alls 8 fjarfundum, frá 15. september 2020 til 8. mars 2021

## 2. Samantekt á upplýsingum

Starfshópurinn óskaði eftir gögnum frá 13 ríkisstofnunum ásamt öllum 72 sveitarfélögum landsins. Alls bárust gögn frá 9 ríkisstofnunum og 63 sveitarfélögum. Yfirlit yfir þau gögn sem bárust má finna í viðauka 1. Í þessari vinnu var ekki lagt mat á kostnað við girðingar á vegum annarra aðila en ríkis og sveitarfélaga s.s. heimalönd bænda o.fl.

Misjafnt er milli aðila hvernig haldið er utan um kostnað sem fellur til vegna girðinga. Það skýrir að stórum hluta hversu langan tíma það tók að safna gögnum. Auðvelt var að nálgast gögn um kostnað en aðrar upplýsingar voru oft ekki tiltækar. Þannig var í fæstum tilvikum til aðgengilegar upplýsingar um lengd girðinga, gerð þeirra, staðsetningu og aldur. Þar sem erfiðlega gekk að safna saman nothæfum gögnum varðandi heildar umfang girðinga var ákveðið að sú vinna myndi fara fram í öðrum áfanga verkefnisins.

Þar sem að fjöldi sveitarfélaga skilaði ekki inn gögnum verður að taka niðurstöðurnar með ákveðnum fyrirvara. Ljóst er að heildarkostnaður sveitarfélaga og stofnanna við girðingar er meiri en hér kemur fram.

**Tafla 2.1 – Heildarkostnaður við girðingar skipt upp eftir stofnunum og sveitarfélögum (milljónir króna)**

	2015	2016	2018	2018	2019	2020
Ríkisstofnanir	216	226	266	286	293	346
Sveitarfélög	73	74	88	81	91	111
Alls	289	300	354	367	383	457

Talsverður breytileiki er í kostnaði milli ára og hefur verið stígandi í kostnaði opinberra aðila á árunum 2015-2020. Mestur heildarkostnaður við girðingar var árið 2020 eða 457 milljónir og lægstur árið 2015, 289 milljónir. Meðal girðingarkostnaður á ári er 350 milljónir og um 76% af þeim kostnaði á vegum Ríkisins. Kostnaður einstakra sveitarfélaga er mjög misjafn eftir landshlutum og eru sveitarfélögin á norðurlandi að leggja mestan kostnað í viðhald og umhirðu girðinga á tímabilinu 2015-2020. Hvað ríkisstofnanir varðar þá er Vegagerðin stærsti aðilinn með um 60% af heildarkostnaði ríkis ár hvert. Landgræðslan, Skógræktin og Matvælastofnun koma þar á eftir með um 13% af heildarkostnaði ríkisins.




**Mynd 2.1 Skipting heildarkostnaðar milli Ríkis og Sveitarfélaga.**

**Tafla 2.2 – Heildarkostnaður við girðingar skipt upp eftir kostnaðarliðum (milljónir króna)**

	2015	2016	2018	2018	2019	2020
Viðhald	185	206	269	282	298	323
Smölun	10	11	12	8	8	9
Hreinsun	3	4	6	4	7	5
Nýframkvæmd	91	79	67	73	71	120
Alls	289	300	354	367	383	457


Ef skipting á samanlögðum kostnaði yfir 5 ára tímabil er skoðaður þá er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn viðhald girðinga með 75% af heildarkostnaði. Þar á eftir eru nýframkvæmdir með 21%, 3% fer í smölun og 1% í hreinsun aflagðra girðinga. Lítið er lagt í smölun á vegum opinberra aðila á landsvísu en gera má ráð fyrir því að sá kostnaður liggja meira hjá einkaaðilum. Hreinsun/förgun eldri girðinga er málaflokkur sem er lítið sinnt og litlir fjármunir eru settir í samanber samantekt þessa, en algengt er að eldri og aflagðar girðingar séu ekki rifnar upp og fargað þegar þær hætta að þjóna sínum tilgangi. Á mynd 2.2 er betur gert grein fyrir því hvernig kostnaðurinn skiptist milli kostnaðarliða á landinu.

**Mynd 2.2. Dreifing kostnaðarliða milli ára.**

**Tafla 2.3 – Heildarkostnaður við girðingar skipt upp eftir landshlutum (milljónir króna)**

	2015	2016	2018	2018	2019	2020	Alls
Suðurland	61	60	76	81	89	117	483
Vesturland	41	47	60	71	74	68	361
Vestfirðir	32	32	43	41	42	37	228
Norðvesturland	74	71	80	79	84	91	479
Norðausturland	61	55	56	63	61	88	385
Austurland	19	35	39	31	34	55	213
Alls	289	300	354	367	383	457	2.149

Í töflu 2.3 má sjá hvernig heildarkostnaður við girðingar skiptist milli landssvæða. Stærstur hluti kostnaðar fellur til hjá ríkisstofnunum. Norðurland er stærsti landshlutinn þegar kemur að girðingum og sé horft á norðurland vestra og eystra þá sést að þar er um 36,1 % af heildar fjárveitingum ríkisins úthlutað á Norðurland.

**Mynd 2.3 Heildar kostnaður girðinga eftir landshlutum.**



Óskað var eftir upplýsingum frá öllum aðilum varðandi heildar umfang girðinga í kílómetrum. Hjá sveitarfélögum vantar mikið uppá heildar umfang girðinga og nær því þessi samantekt einungis utan um þær girðingar sem eru á forræði ríkisstofnana. Í áfanga tvö í þessu verkefni verður haldið áfram að kortleggja og ná betur utan um eignarsafn girðinga á vegum ríkis og sveitarfélaga. Vegagerðin er langstærsti aðilinn þegar kemur að rekstri og viðhaldi á girðingum á landsvísu eins og sjá má í töflu 2.4 með um 84,6% af heildar girðingum skráðum á vegum ríkisins. Vegagerðin styrkir landeigendur í viðhaldi þessara girðinga en nokkrir umferðapýngri vegir á landinu eru alfarið í umsjón Vegagerðarinnar.

**Tafla 2.4 – Lengd girðinga í km sem eru í umsjón viðkomandi ríkisstofnunar.**

	Austurland	Norðurland	Vesturland	Suðurland	Alls
Landgræðslan	6	432	61	365	864
MAST	29	197	115	26	367
Landeigendur/Vegagerðin*	1.010	2.997	2.540	3.386	9.933
Skógræktin	40	34	94	88	256
ISAVIA	12	168	58	40	278
Umhverfisstofnun			6	1	7
Vatnajökulsþjóðgarður	4	2			6
Þingvallabþjóðgarður				31	31
Alls km	1.101	3.830	2.874	3.936	11.741

\*Skráning ónákvæm sökum kerfisvillu við flutninga í nýtt girðingarkefni.

Þegar nýtt girðingarkefni var innleitt hjá Vegagerðinni tapaðist umtalsvert af skráningum og því má ætla að talsvert vanti uppá yfirlit yfir heildar km fjölda veggirðinga á landinu. Einnig var tekið saman heildar yfirlit yfir ristarhlið á landinu eins og sjá má í töflu 2.5 og eru þau nánast öll í umsjón Vegagerðarinnar.

**Tafla 2.5 – Fjöldi ristarhliða á þjóðvegum landsins.**

	Austurland	Norðurland	Vesturland	Suðurland	Alls
Ristarhlið 3,5-5 m	725	394	611	204	1.934
Ristarhlið 8 eða 10 m	39	42	65	38	184
Heildarfjöldi	764	436	676	242	2.118

## 3. Lagalegt umhverfi

Lagalegt umhverfi er varða vörslu búfjár og þar með girðingar er margslungið og þar bera fjölmargir aðilar ábyrgð s.s. einstakar stofnanir, sveitarfélög og einstaklingar.

### 3.1 Viðhald girðinga

Girðingalög nr. 135/2001 fjalla um girðingar, hverjir fara með forræði yfir þeim, skyldur eiganda og kostnaðarskiptingu við uppsetningu þeirra á landamerkjum. Lögin eru nánar útfærð í reglugerð nr. 748/2002 en hún fjallar um uppsetningu og frágang girðinga svo þær geti talist fullnægjandi varsla.

Í vegalögum nr. 80/2007 er fjallað um girðingar með vegum. Landeigendur eru ábyrgir fyrir viðhaldi veggirðinga á sínu landi. Veghaldari og landeigandi skipta með sér kostnaði af viðhaldi vega á stofn- og tengivegum (sbr. 8. gr. vegalaga), en annars greiðist viðhaldskostnaður af landeiganda. Þar sem lausaganga búfjár er bönnuð getur Vegagerðin, að eigin frumkvæði, tekið að sér að reisa girðingar og annast viðhald þeirra og staðið straum af kostnaði. Ef girðing er eingöngu reist til að til að halda búfé af vegsvæði s.s. á afrétti eða á sameiginlegu beitarsvæði skal veghaldari standa allan straum af kostnaði vegna viðhalds. Sveitarfélög hafa eftirlit með viðhaldi girðinga og þeim er heimilt að gera endurbætur á girðingum eða fjarlægja þær á kostnað landeiganda ef viðhaldi með þeim er ábótavant eða girðing er bersýnilega óþörf. Þá er Vegagerðinni heimilt að taka þátt í stofnkostnaði girðinga sem reistar eru til þess að friða svæði meðfram einstökum köflum stofn- og tengivega í samráði við viðkomandi sveitarfélag með því skilyrði að lausaganga búfjár sé bönnuð á hinu friðaða svæði.



Mynd 3.1 Landeigendur eru ábyrgir fyrir viðhaldi girðinga meðfram vegum. [Mynd Vegagerðin]

## 3.2 Lausaganga búfjár og fjallskil

Hvar búfé gengur og hvenær ræðst af framkvæmd laga og reglugerða og allnokkur lög fjalla um þessa hlið málsins mála;

- Lög um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
- Lög um búfjánhald nr. 38/2013.
- Lög um velferð dýra nr. 55/2013.
- Vegalög nr. 80/2007.
- Reglugerðir með stoð í fyrrgreindum lögum.
- Fjallskilasamþykktir.
- Samþykktir um búfjánhald í einstökum sveitarfélögum.
- Lög um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

Um rekstur að vori og smölun á hausti er fjallað um í lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. Fjallskil og afréttir eru á ábyrgð viðkomandi sveitarfélags og ber þeim að setja samþykktir þeirra vegna. Það er jafnframt á ábyrgð sveitarfélaga að tilhlýðilega sé leitað og smalað jafnt á sameiginlegum beitalöndum og heimalöndum.

Lausaganga búfjár er heimil nema lög og/eða samþykktir banni það sérstaklega. Hverju sveitarfélagi fyrir sig er heimilt að setja reglur um lausagöngu. Í slíkri samþykkt má eftir atvikum banna umgang búfjár alfarið, eða að hluta, á tilteknum svæðum. Einnig má banna umferð einnar tegundar búfjár, en heimila aðrar. Til þess að samþykkt um búfjánhald hafi gildi þarf hún að vera samþykkt af ráðherra.

Samkvæmt 50. Gr. Vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár bönnuð á stofn og tengivegum þar sem girt er beggja vegna vegar og vegsvæðið er lokað fyrir ágangi búfjár, s.s. með ristarliðum.



Mynd 3.2 Sveitarfélögum er heimilt að setja sér reglur um lausagöngu. [Mynd Vegagerðin]

Umráðamaður lands getur ákveðið að land sitt sé friðað fyrir umgangi og beit búfjár. Ef viðkomandi umráðaaðili lands getur sýnt fram á að vörslulínur (oftast girðingar) séu gripheldar og í samræmi við lög ber viðkomandi sveitarfélagi að auglýsa friðunina.

Í búfjárlögum er einnig heimild til handa ráðuneyti að setja ítarlegri reglur, í reglugerð, um vörsluskyldu búfjár. Slíkar reglugerðir hafa ekki verið settar.

Í búfjárlögum eru nokkur ítarlegri ákvæði um lausagöngu. Þar má nefna ákvæði 6. gr. um graðpening. Ef graðpeningur losnar úr vörslu er það á ábyrgð sveitarstjórnar að hlutast til um að hann sé handsamaður og tryggður í vörslu. Ef graðpeningur sleppur ítrekað frá vörsluaðila skal graðpeningnum slátrað, með þeirri undantekningu að selja má graðhesta nauðungarsölu.


Í lögum um velferð dýra og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim eru ýmis ákvæði um vörslu búfjár. Alla jafna er til staðar í þessum reglugerðum ákveðnar skyldur fyrir umráðamenn búfjár, m.a. um það hvenær búfé skal haldið á húsi, hvernig búa skal að búfé sem er utandyra og lágmarks umhirðu svo örfátt sé nefnt.

## 4. Hagsmunir

Eins og fram kemur í kafla 2 verja opinberir aðilar umtalsverðum fjármunum og tíma til girðinga og eru hagsmunir á bakvið þær fjárfestingar og þarfir hagsmunaaðila misjafnar. Helstu flokkar hagsmuna eru eftirfarandi:

### 4.1 Umferðaröryggi.

Gríðarlega mikilvægt er að halda búfé frá vegakerfinu og þá sérstaklega umferðarmestu vegunum. Mörg umferðaróhöpp má rekja til lausagöngu búfjár og má klárlega sjá á slysgrunnum Vegagerðarinnar samhengi milli lausagöngu við vegi og fjölda slysa sbr. mynd nr. 1 .



**Mynd 4.1: Umferðarslys þar sem ekið er á dýr á vegum sem tilheyra Vegagerðinni á tímabilinu 2015-2019**

### 4.2 Sjúkdómavarnir.

Samkvæmt 4. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 er landinu skipt í sóttvarnarsvæði í þeim tilgangi að halda búfjársjúkdómum í skefjum. Helstu búfjársjúkdómar í þessu samhengi eru riðuveiki í sauðfé og garnaveiki í jörturdýrum. Þessar sjúkdómavarnir hafa hlutverki að gegna í margvíslegu samhengi s.s. er varða heilbrigði dýra og velferð, atvinnuöryggi, fæðuöryggi og byggðamál. Samkvæmt 23. gr. sömu laga er skylt að viðhalda varnarlinum svo lengi að fullvíst þyki að búfjársjúkdómar, sem valda stórfelldu tjóni, geti ekki leynst í búfé öðrum megin línunnar þannig að samgangur milli svæðanna auki á sýkingarhættu að mati Matvælastofnunar.

### 4.3 Vernd og endurheimt vistkerfa.

Þar sem gróðurþekja er röskuð og vistkerfi hafa lítið þol gagnvart raski þarf að grípa til aðgerða í því skyni að endurheimta vistkerfin og virkni þeirra. Oft er friðunin meginforsenda þess að árangur náist. Þá getur friðun illa farins lands haft jákvæð áhrif á loftslagsbókhald Íslands.

### 4.4 Ræktun nytjalands.

Friðun lands sem nýtt er til ræktunar og uppskeru er oft nauðsynleg. Þetta á t.d. við í ræktun byggs, grænmetis, kartafna og í mörgum tilvikum ræktun túngrasa.

### 4.5 Skógrækt.

Land sem tekið er til skógræktar er nær undantekningalaust nauðsynlegt að friða fyrir beit svo að skógurinn nái að þroskast og dafna. Ágangur beitardýra dregur úr árangri og því má segja að í þeim tilfellum sem ekki á sér stað friðun í upphafi er verið að sóa fjármunum. Þetta á sérstaklega við á fyrstu árum skógræktar en þegar skógurinn er kominn í ákveðna hæð má, með ábyrgri stýringu, beita hann.

### 4.6 Beitarstjórnun og réttur til beitar.

Bændur nýta girðingar sem tæki til þess að ná auknum árangri í búrekstri m.a. með beit á úthaga og beitarstjórnun. Með henni er verið að tryggja að næringarþörf og velferð búpenings sé fullnægt og gæðum landsins viðhaldið eða þau bætt (Sigbrúður Jónsdóttir, 2010). Í lögum nr. 55/2013 um velferð dýra segir að umráðamanni dýra beri að tryggja að unnt sé að hafa eftirlit með aðbúnaði og heilsu dýra og þá stuðla girðingar að því að bændur geti haft yfirsýn yfir sitt búfé og nálgast það þegar þess þarf, t.d. í sláurtíð eða ef meðhöndlunar sé þörf.



Mynd 4.2: Kinnarstaðarétt í Reykhólasveit. [mynd Sveinn Ragnarsson]

## 4.7 Friðlönd og þjóðgarðar.

Friðlönd og þjóðgarðar eru í mörgum tilvikum friðaðir fyrir beit til að vernda fjölbreytni svæðanna m.t.t. gróðurs og landslags, auk þess að stuðla að endurheimt vistkerfa þar sem það á við.

## 4.8 Fjölbreytt landnýting í sveitum.

Með breytingum á eignarhaldi jarða í byggðum landsins og fjölbreyttari landnýtingu en áður var, getur lausaganga búfjár skapað vandræði og skert möguleika landeigenda til nýtingar eigin lands. Þá fylgir mikill kostnaður girðingum en skv. núverandi lögum er heimilt að fara fram á girðingar séu á landamerkjum og fellur þá kostnaður jafnt á eigendur viðkomandi jarða.

## 4.9 Þéttbýliskjarnar.

Þéttbýliskjarnar og þéttbýlli staðir eru nær alltaf friðaðir fyrir beit, t.d. vegna umferðar, atvinnutengdrar starfsemi o.s.frv.



Mynd 4.3. Samkvæmt 4. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 er landinu skipt í sóttvarnarsvæði í þeim tilgangi að halda búfjársjúkdómum í skefjum. [Mynd Vegagerðin]

## 5. Áskoranir.

Þegar litið er yfir sviðið þá er ljóst að áskoranir í girðingamálum á landsvísu eru margar og fjölbreyttar. Ólíkir hagsmunir og breytt byggðarmynstur hafa mikil áhrif á sveitir landsins þá er ljóst að ef koma á til móts við sem breiðan hóp hagsmunaaðila þarf að hugsa nýjar leiðir og hugsa til framtíðar varðandi lausnir og útfærslur á og beitarstjórnun búfjár á landinu.

Ljóst er að núverandi ástand þjónar ekki hagsmunum allra nægjanlega vel, eins og sjá má af fjölda óhappa með þjóðvegum landsins (mynd 4.1). Víða er pottur brotinn í viðhaldi girðinga og ástæður þess geta verið ýmsar, m.a. skortur á fjármagni og breytt byggðarmynstur. Eins eru oft uppi álitamál um hver beri ábyrgð á tilteknum girðingum og hver eigi bera kostnaðinn, þrátt fyrir að í lögum sé kveðið á um að eigendum lands beri að girða vilji þeir friða land sitt fyrir beit.

Það er ærið verkefni að nýta fjármuni sem best þannig að þær fjárfestingar í girðingum þjóni sem flestum. Mikilvægt er að reyna að tengja saman ólíka hagsmuni t.d. sauðfjárbúskap, landvernd, ferðaþjónustu, umferðaröryggi og skógrækt. Á vissum stöðum gætu falist tækifæri í því að sameinast um að girða ákveðin landssvæði af til beitar. Annars staðar gætu falist tækifæri í að banna lausagöngu búfjár en styrkja eigendur búfjár jafnframt til þess að girða sitt búfé af.



**Mynd 5.1. Mikilvægt er að finna leiðir til þessa að nýta fjármuni sem best þannig að þær fjárfestingar í girðingum þjóni sem flestum.** [Mynd Vegagerðin]



Í samantektum í kafla 3 kemur fram að uppsetning og rekstur girðinga er kostnaðarsamt verkefni. Mikilvægt er að tryggja að þeim fjármunum sem ríki og sveitarfélög verja til þessa málaflokks sé sem best varið hverju sinni. Það er þó rétt að minna á að það getur verið misjafnt eftir landsvæðum hvernig það er gert.

Brýnt er að fara yfir það regluverk sem er til staðar í dag og endurskoða það með tilliti til þess hvort hægt sé að gera breytingar, sem yrðu til þess að tryggja hag sem flestra sem að þessum málum koma. Samkvæmt núverandi regluverki eru það sveitarfélögin sem hafa eftirlitsskyldu með girðingum sem virðist ekki bera nægjanlega mikinn árangur víðast hvar.

Þegar Ísland staðfesti Parísarsáttmálann um aðgerðir í loftslagsmálum var m.a. innleitt nýtt kerfi sem heldur utan um losun gróðurhúsalofttegunda frá landi sem byggir á landflokki. Líkur eru á að beitarnaland í hnignuðu ástandi losi gróðurhúsalofttegundir og auki þar með á losun Íslands. Bætt yfirsýn og mögulega endurskoðun á staðsetningu girðinga gæti því haft jákvæð áhrif á loftslagsbókhald Íslands.

Utanhald yfir girðingar og hólfa á landsvísi er oft á tíðum bágborið. Það væri mikil hagræðing fólgin í því ef gert yrði áttak í að taka saman legu og gerð allra girðinga á Íslandi á einum miðlægum stað. Á slíkum stað væri hægt að nálgast yfirlit yfir einstaka landshluta og svæði. Í því samhengi væri mikilvægt að til væri sameiginlegur skilgreininga- og leiðbeiningabanki þar sem farið er yfir helstu hugtök og útfærslur í girðingum sem og nýjungar kynntar og þróaðar með einum eða öðrum hætti. Tilkoma slíks miðlægs upplýsingagrunns, um girðingar og legu þeirra, myndi skila sér í betri ákvarðanatöku og betri nýtingu fjármagns til lengri tíma.

Helstu áskoranir að mati starfhóps sem þarf að hafa til hliðsjónar í öðrum áfanga verkefnisins.

- a) Nýting fjármuna allra aðila með skilvirkum hætti.
- b) Yfirsýn yfir girðingar og hólfun hvers landshluta.
- c) Auka umferðaröryggi á þjóðvegum landsins
- d) Skilvirkara eftirlit með viðhaldi girðinga
- e) Ná að tengja saman ólíka hagsmunaraðila og finna sameiginlegar lausnir með bættu landnýtingu að leiðarljósi
- f) Yfirfara lög og reglugerðir með tilliti til þarfa viðkomandi aðila
- g) Upprif og hreinsun aflagðra girðinga.

## 6. Samantekt og tillögur.

Eins og vinnuhópurinn hefur komið inn á þá er það gríðarlega umfangsmikið verkefni að ná vel utan um girðingarsafn allra opinberra stofnanna og sveitarfélaga. Vinnuhópurinn telur að þrátt fyrir að miklum fjármunum sé varið til girðingamála af hálfu opinberra aðila þá vanti upp á að brýnum hagsmunum sé sinnt. Þá er einnig ljóst að yfirsýn yfir girðingar á vegum hins opinbera vantar. Án þessarar yfirsýnar er ekki unnt að meta möguleika á samnýtingu girðinga. Í lagaumhverfi er víða snert á málefnum girðinga. Í aldanna rás hefur margt breyst, bæði hvað varðar búskapar- og lífnaðarhættir. Veruleg þörf er á því að endurskoða öll lagaleg gildi er tengjast girðingarmálum, bæði til einföldunar og til að uppfæra þau í takt við breyttan tíðaranda.

Heildarkostnaður opinberra aðila við girðingar á árabílinu 2015 til 2020 er 2.149 milljónir, eða um 358 milljónir á ári. Ekki bærust gögn frá öllum aðilum og því líklegt að þessi kostnaður sé vanáætlaður. Hópurinn leggur til að eftirfarandi þættir verði skoðaðir nánar:

- Taka saman eignasafn girðinga opinberra aðila sem inniheldur a.m.k. stofnár, lengd og tegund girðingar.
- Unnin verði sameiginlegur gagnagrunnur opinberra aðila um girðingar og honum deilt í vefsíða.
- Farið verði yfir ástand girðinga og hvort þær eru í nægilega góðu ástandi til að sinna vörslugildi.
- Lög og reglugerðir sem gilda um girðingar og ábyrgð á þeim verði samræmd og endurskoðuð.
- Unnin verði þarfagreining á girðingum eftir landshlutum og í kjölfarið stefna og áætlun um girðingar opinberra aðila.
- Lög sem gilda um búfjárhald verði samræmd og endurskoðuð.
- Samspil búvörusamninga og girðinga verði kortlagt.
- Kannað verði hver ávinningur þess að vera með afgirt hólflandssvæði. Til þess þarf að tengja saman ólíka hagsmunaraðila og finna sameiginlegar lausnir með bætta landnýtingu að leiðarljósi.

## 7. Heimildir

Sigbrúður Jónsdóttir, 2010. *Sauðfjárhagar – Leiðbeiningar við mat á ástandi beitilanda*. Landgræðslan, Gunnarsholti

Grétar Einarsson, 2013. *Veggirðingar – Girðingar*. Verk- og kröfulýsingar III. Útgáfa. Vegagerðin

Lög:

Vegalög nr. 80/2007

Girðingalög nr. 135/2001

Lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim  
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1993025.html>

Reglugerðir:

Reglugerð um girðingar meðfram vegum nr. 930/2012

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum nr.825/2017

Reglugerð um girðingar nr.748/2002

Reglugerðir um velferð: hrossa, nautgripa, sauðfjár og geitfjár, svína minka, alifugla og gæludýra. Þessar reglugerðir og fleiri lög eru aðgengileg á heimasíðu Stjórnarráðsins  
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/velferd-dyra/>

Samþykktir:

Fjallskilasamþykktir má finna hér:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/bufjarraekt/fjallskil/>

Samþykktir um búfjárhald sem staðfestar hafa verið af ráðherra má finna hér:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/atvinnuvegir/landbunadur/bufjarraekt/bufjarhald/#Fridud-svadi-fyrir-b%C3%BAfjarbeit>



Sveitafélag	Kostnaður	Landshluti	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Akrahreppur	Smölun	Norðurland Vestra						
Akrahreppur	Hreinsun	Norðurland Vestra						
Akrahreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra						453000
Akrahreppur	Viðhald	Norðurland Vestra	50.000		341.000	401.000	20.000	
Akraneskaupstaður	Smölun	Vesturland						
Akraneskaupstaður	Hreinsun	Vesturland						
Akraneskaupstaður	Nýframkvæmd	Vesturland						
Akraneskaupstaður	Viðhald	Vesturland						
Akureyrarbær	Smölun	Norðurland Eystra	869.032	891.384	698.831	397.381	1.281.564	211.990
Akureyrarbær	Hreinsun	Norðurland Eystra	661.158	1.709.339	2.484.057	1.179.182	828.119	20.665
Akureyrarbær	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra	2.650.566	3.233.121	3.209.813	3402784	4.676.435	4950421
Akureyrarbær	Viðhald	Norðurland Eystra	2.650.566	3.233.121	3.209.813	3.402.754	4.676.435	4.950.421
Árneshreppur	Smölun	Vestfirðir						
Árneshreppur	Hreinsun	Vestfirðir						
Árneshreppur	Nýframkvæmd	Vestfirðir						
Árneshreppur	Viðhald	Vestfirðir						
Ásahreppur	Smölun	Suðurland						
Ásahreppur	Hreinsun	Suðurland						
Ásahreppur	Nýframkvæmd	Suðurland						
Ásahreppur	Viðhald	Suðurland	165.998	159.823	200.880	200.880	234.880	-
Bláskógabyggð	Smölun	Suðurland						
Bláskógabyggð	Hreinsun	Suðurland						
Bláskógabyggð	Nýframkvæmd	Suðurland	1.649.200	1.279.680	291.760			
Bláskógabyggð	Viðhald	Suðurland	179.303	590.456	339.671	397.266	642.935	387.742
Blönduósbær	Smölun	Norðurland Vestra						
Blönduósbær	Hreinsun	Norðurland Vestra						
Blönduósbær	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra						
Blönduósbær	Viðhald	Norðurland Vestra						
Bolungarvíkurkaupstaður	Smölun	Vestfirðir						
Bolungarvíkurkaupstaður	Hreinsun	Vestfirðir						
Bolungarvíkurkaupstaður	Nýframkvæmd	Vestfirðir						
Bolungarvíkurkaupstaður	Viðhald	Vestfirðir						
Borgarbyggð	Smölun	Vesturland	27.296	139.224	673.400	165.000		
Borgarbyggð	Hreinsun	Vesturland						481.797
Borgarbyggð	Nýframkvæmd	Vesturland						
Borgarbyggð	Viðhald	Vesturland	4.028.659	4.726.528	4.636.940	5.497.026	7.497.911	13.795.890
Borgarfjarðarhreppur	Hreinsun	Austurland						
Borgarfjarðarhreppur	Nýframkvæmd	Austurland						
Borgarfjarðarhreppur	Viðhald	Austurland	114.000	203.000	115.000	195.000	118.000	122.000
Dalabyggð	Smölun	Vesturland	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000	50.000
Dalabyggð	Hreinsun	Vesturland						
Dalabyggð	Nýframkvæmd	Vesturland						
Dalabyggð	Viðhald	Vesturland	1.290.000	1.340.000	2.730.000	1.250.000	1.630.000	1.110.000
Dalvíkurbyggð	Smölun	Norðurland Eystra	220.000	240.000	260.000	280.000	300.000	300.000
Dalvíkurbyggð	Hreinsun	Norðurland Eystra		300.000	535.800	621.000	448.000	510.000
Dalvíkurbyggð	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Dalvíkurbyggð	Viðhald	Norðurland Eystra	2.159.281	2.963.117	1.911.004	2.863.529	4.085.219	4.799.998
Djúpavogshreppur	Hreinsun	Austurland						
Djúpavogshreppur	Nýframkvæmd	Austurland						
Djúpavogshreppur	Viðhald	Austurland						
Eyja- og Miklaholtshreppur	Smölun	Vesturland						
Eyja- og Miklaholtshreppur	Hreinsun	Vesturland						
Eyja- og Miklaholtshreppur	Nýframkvæmd	Vesturland						
Eyja- og Miklaholtshreppur	Viðhald	Vesturland						
Eyjafjarðarsveit	Smölun	Norðurland Eystra						
Eyjafjarðarsveit	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Eyjafjarðarsveit	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Eyjafjarðarsveit	Viðhald	Norðurland Eystra						
Fasteignir Ríkissjóðs	Hreinsun							
Fasteignir Ríkissjóðs	Nýframkvæmd							
Fasteignir Ríkissjóðs	Viðhald							
Fjallabyggð	Smölun	Norðurland Eystra	1.029.000	412.000	412.000	252.000	252.000	252.000
Fjallabyggð	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Fjallabyggð	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Fjallabyggð	Viðhald	Norðurland Eystra	1.679.000	810.000	1.830.000	2.848.000	944.000	2.343.000
Fjarðabyggð	Smölun	Austurland	1.395.000	1.395.000	1.395.000	1.395.000	1.395.000	1.395.000
Fjarðabyggð	Hreinsun	Austurland						100.000
Fjarðabyggð	Nýframkvæmd	Austurland						
Fjarðabyggð	Viðhald	Austurland	320.000	450.000	5.588.500	830.600	557.000	2.894.404
Fljótsdalshérað	Hreinsun	Austurland			509.000	91.000	1.948.000	
Fljótsdalshérað	Nýframkvæmd	Austurland						226000
Fljótsdalshérað	Viðhald	Austurland	523.000	279.000	1.007.000	1.490.000	1.205.000	666.000
Fljótsdalshreppur	Hreinsun	Austurland						
Fljótsdalshreppur	Nýframkvæmd	Austurland						

Fljótisdalshreppur	Viðhald	Austurland							
Flóahreppur	Smölun	Suðurland							
Flóahreppur	Hreinsun	Suðurland							
Flóahreppur	Nýframkvæmd	Suðurland							
Flóahreppur	Viðhald	Suðurland	1.123.400	480.000	670.000	-	2.784.000	-	
Garðabær	Smölun	Höfuðborgarsvæðið							
Garðabær	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Garðabær	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Garðabær	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							
Grindavíkurbær	Smölun	Suðurnes							
Grindavíkurbær	Hreinsun	Suðurnes							
Grindavíkurbær	Nýframkvæmd	Suðurnes							
Grindavíkurbær	Viðhald	Suðurnes							
Grímsnes- og Grafningshreppur	Smölun	Suðurland							
Grímsnes- og Grafningshreppur	Hreinsun	Suðurland							
Grímsnes- og Grafningshreppur	Nýframkvæmd	Suðurland							
Grímsnes- og Grafningshreppur	Viðhald	Suðurland							
Grundarfjarðarbær	Smölun	Vesturland							
Grundarfjarðarbær	Hreinsun	Vesturland							
Grundarfjarðarbær	Nýframkvæmd	Vesturland							
Grundarfjarðarbær	Viðhald	Vesturland							
Grýtubakkahreppur	Smölun	Norðurland Eystra	10.000	10.000	10.000	10.000	10.000	100.000	
Grýtubakkahreppur	Hreinsun	Norðurland Eystra							
Grýtubakkahreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra							
Grýtubakkahreppur	Viðhald	Norðurland Eystra	1.412.000	1.184.000	868.000	637.000	629.000	2.130.000	
Hafnarfjarðarkaupstaður	Smölun	Höfuðborgarsvæðið							
Hafnarfjarðarkaupstaður	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Hafnarfjarðarkaupstaður	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Hafnarfjarðarkaupstaður	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							
Háskólinn Hólum	Hreinsun								
Háskólinn Hólum	Nýframkvæmd								
Háskólinn Hólum	Viðhald								
Helgafellssveit	Smölun	Vesturland							
Helgafellssveit	Hreinsun	Vesturland							
Helgafellssveit	Nýframkvæmd	Vesturland							
Helgafellssveit	Viðhald	Vesturland							
Hrunamannahreppur	Smölun	Suðurland							
Hrunamannahreppur	Hreinsun	Suðurland							
Hrunamannahreppur	Nýframkvæmd	Suðurland							
Hrunamannahreppur	Viðhald	Suðurland	801.858	854.146	446.723	1.007.815	1.003.146	8.172.481	
Húnavatnshreppur	Smölun	Norðurland Vestra							
Húnavatnshreppur	Hreinsun	Norðurland Vestra							
Húnavatnshreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra						1100000	
Húnavatnshreppur	Viðhald	Norðurland Vestra	9.839.000	10.101.000	18.257.000	10.269.000	10.914.000	9.462.000	
Húnaþing vestra	Smölun	Norðurland Vestra							
Húnaþing vestra	Hreinsun	Norðurland Vestra							
Húnaþing vestra	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra		2.067.640	1.425.000	2607902	509.070	900000	
Húnaþing vestra	Viðhald	Norðurland Vestra	2.968.609	3.109.267	2.075.795	6.273.569	3.590.282	482.000	
Hvalfjarðarsveit	Smölun	Vesturland							
Hvalfjarðarsveit	Hreinsun	Vesturland							
Hvalfjarðarsveit	Nýframkvæmd	Vesturland							
Hvalfjarðarsveit	Viðhald	Vesturland	65.289	197.992	65.881	248.756	79.805	95.294	
Hveragerðisbær	Smölun	Suðurland							
Hveragerðisbær	Hreinsun	Suðurland							
Hveragerðisbær	Nýframkvæmd	Suðurland							
Hveragerðisbær	Viðhald	Suðurland	506.595	694.826	417.339	591.831	761.848	577.645	
Hörgársveit	Smölun	Norðurland Eystra	875.000	1.120.000	1.198.000	263.000	432.000	328.000	
Hörgársveit	Hreinsun	Norðurland Eystra							
Hörgársveit	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra	1.783.000						
Hörgársveit	Viðhald	Norðurland Eystra	1.783.000	2.394.000	1.508.000	1.726.000	1.170.000	3.312.000	
isavia ohf.	Hreinsun						150.000	375.000	
isavia ohf.	Nýframkvæmd	Allt landið	500.000	9.500.000	6.000.000	9500000	-	4096700	
isavia ohf.	Viðhald	Bakki	5.460.000	1.550.000	1.750.000	1.450.000	1.460.000	6.400.000	
Ísafjarðarbær	Smölun	Vestfirðir							
Ísafjarðarbær	Hreinsun	Vestfirðir							
Ísafjarðarbær	Nýframkvæmd	Vestfirðir							
Ísafjarðarbær	Viðhald	Vestfirðir							
Kaldrananeshreppur	Smölun	Vestfirðir							
Kaldrananeshreppur	Hreinsun	Vestfirðir							
Kaldrananeshreppur	Nýframkvæmd	Vestfirðir							
Kaldrananeshreppur	Viðhald	Vestfirðir							
Kjósarhreppur	Smölun	Höfuðborgarsvæðið							
Kjósarhreppur	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Kjósarhreppur	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Kjósarhreppur	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							

Kópavogsbær	Smölun	Höfuðborgarsvæðið							
Kópavogsbær	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Kópavogsbær	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Kópavogsbær	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							
Landbúndarháskólinn Hvanneyri	Hreinsun								
Landbúndarháskólinn Hvanneyri	Nýframkvæmd								
Landbúndarháskólinn Hvanneyri	Viðhald								
Landgræðslan	Hreinsun	Allt landið	1.946.880	2.236.457	2.398.346	2.194.942	3.743.143	3743143	
Landgræðslan	Nýframkvæmd	Allt landið	7.564.913	6.619.392	12.080.421	6854327	6.775.354	6775354	
Landgræðslan	Viðhald		32.082.350	30.273.669	34.936.050	37.120.646	33.843.724	33843724	
Langanesbyggð	Smölun	Norðurland Eystra							
Langanesbyggð	Hreinsun	Norðurland Eystra							
Langanesbyggð	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra							
Langanesbyggð	Viðhald	Norðurland Eystra							
Matvælastofnun	Hreinsun								
Matvælastofnun	Nýframkvæmd	Allt landið							
Matvælastofnun	Viðhald		17.125.421	22.259.003	26.161.413	36.637.149	47.255.135	45.000.000	
Mosfellsbær	Smölun	Höfuðborgarsvæði	375.000	375.000	375.000	375.000	375.000	375.000	
Mosfellsbær	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Mosfellsbær	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Mosfellsbær	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							
Mýrdalshreppur	Smölun	Suðurland				60.000			
Mýrdalshreppur	Hreinsun	Suðurland							
Mýrdalshreppur	Nýframkvæmd	Suðurland							
Mýrdalshreppur	Viðhald	Suðurland	108.000	254.000	262.000	374.000	-	1.179.000	
Norðurþing	Smölun	Norðurland Eystra	200.000	200.000	200.000	200.000	200.000	100.000	
Norðurþing	Hreinsun	Norðurland Eystra	250.000	125.000	80.000	30.000	20.000	100.000	
Norðurþing	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra							
Norðurþing	Viðhald	Norðurland Eystra	2.396.659	2.867.027	2.637.956	2.566.077	2.489.447	3.180.577	
Rangárþing eystra	Smölun	Suðurland							
Rangárþing eystra	Hreinsun	Suðurland							
Rangárþing eystra	Nýframkvæmd	Suðurland							
Rangárþing eystra	Viðhald	Suðurland	890.467	417.328	52.791	933.692	2.061.192	248.630	
Rangárþing ytra	Smölun	Suðurland	2.926.139	3.717.373	3.225.411	2.706.248	2.079.681	3.159.000	
Rangárþing ytra	Hreinsun	Suðurland							
Rangárþing ytra	Nýframkvæmd	Suðurland	6.144.741						
Rangárþing ytra	Viðhald	Suðurland	1.960.117	2.166.097	4.409.472	3.656.085	3.989.879	3.693.816	
Reykholahreppur	Smölun	Vestfirðir	467.781	282.201	129.964	220.306	-	-	
Reykholahreppur	Hreinsun	Vestfirðir							
Reykholahreppur	Nýframkvæmd	Vestfirðir							
Reykholahreppur	Viðhald	Vestfirðir							
Reykjanesbær	Smölun	Suðurnes							
Reykjanesbær	Hreinsun	Suðurnes							
Reykjanesbær	Nýframkvæmd	Suðurnes							
Reykjanesbær	Viðhald	Suðurnes						43.784	
Reykjavíkurborg	Smölun	Höfuðborgarsvæði	624.000	538.000	440.000	368.000	89.000	458.000	
Reykjavíkurborg	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Reykjavíkurborg	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæði	2.800.000						
Reykjavíkurborg	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið		860.000	1.313.000	863.000	452.000	1.029.000	
Seltjarnarnesbær	Smölun	Höfuðborgarsvæðið							
Seltjarnarnesbær	Hreinsun	Höfuðborgarsvæðið							
Seltjarnarnesbær	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið							
Seltjarnarnesbær	Viðhald	Höfuðborgarsvæðið							
Seyðisfjarðarkaupstaður	Smölun	Austurland							
Seyðisfjarðarkaupstaður	Hreinsun	Austurland							
Seyðisfjarðarkaupstaður	Nýframkvæmd	Austurland							
Seyðisfjarðarkaupstaður	Viðhald	Austurland							
Skaftárhreppur	Smölun	Suðurland							
Skaftárhreppur	Hreinsun	Suðurland							
Skaftárhreppur	Nýframkvæmd	Suðurland							
Skaftárhreppur	Viðhald	Suðurland							
Skagabyggð	Smölun	Norðurland Vestra							
Skagabyggð	Hreinsun	Norðurland Vestra							
Skagabyggð	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra							
Skagabyggð	Viðhald	Norðurland Vestra							
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Smölun	Suðurland			53.000	74.000	30.000	146.000	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Hreinsun	Suðurland							
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Nýframkvæmd	Suðurland	2.291.000	2.011.000	1.550.000		6.357.000	4823000	
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Viðhald	Suðurland	332.000	168.000	420.000	128.000	368.000	3.423.000	
Skorradalshreppur	Smölun	Vesturland							
Skorradalshreppur	Hreinsun	Vesturland							
Skorradalshreppur	Nýframkvæmd	Vesturland							
Skorradalshreppur	Viðhald	Vesturland							
Skógræktin	Hreinsun								
Skógræktin	Nýframkvæmd	Allt landið							

Skógræktin	Viðhald		5.351.388	6.735.404	47.586.216	43.730.010	45.986.292	40.388.237
Skútustaðahreppur	Smölun	Norðurland Eystra						
Skútustaðahreppur	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Skútustaðahreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Skútustaðahreppur	Viðhald	Norðurland Eystra						
Snæfellsbær	Smölun	Vesturland						
Snæfellsbær	Hreinsun	Vesturland						
Snæfellsbær	Nýframkvæmd	Vesturland						
Snæfellsbær	Viðhald	Vesturland	444.204	704.388	594.560	1.003.629	736.196	978.497
SSH	Hreinsun							
SSH	Nýframkvæmd	Höfuðborgarsvæðið						
SSH	Viðhald			4.075.799	3.199.677	4.107.061	4.109.506	3.331.885
Strandabyggð	Smölun	Vestfirðir						
Strandabyggð	Hreinsun	Vestfirðir						
Strandabyggð	Nýframkvæmd	Vestfirðir						
Strandabyggð	Viðhald	Vestfirðir	1.750.000	1.750.000	1.750.000	1.750.000	1.750.000	1.750.000
Stykkishólmshreppur	Smölun	Vesturland						
Stykkishólmshreppur	Hreinsun	Vesturland						
Stykkishólmshreppur	Nýframkvæmd	Vesturland						
Stykkishólmshreppur	Viðhald	Vesturland						
Suðurnesjabær	Smölun	Suðurnes						
Suðurnesjabær	Hreinsun	Suðurnes						
Suðurnesjabær	Nýframkvæmd	Suðurnes						
Suðurnesjabær	Viðhald	Suðurnes						
Súðavíkurhreppur	Smölun	Vestfirðir						
Súðavíkurhreppur	Hreinsun	Vestfirðir						
Súðavíkurhreppur	Nýframkvæmd	Vestfirðir	553.536	553.536	553.536	553.536	553.536	
Súðavíkurhreppur	Viðhald	Vestfirðir			382.210	25.047	480.000	
Svalbarðshreppur	Smölun	Norðurland Eystra						
Svalbarðshreppur	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Svalbarðshreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Svalbarðshreppur	Viðhald	Norðurland Eystra						
Svalbarðsstrandarhreppur	Smölun	Norðurland Eystra						2.000.000
Svalbarðsstrandarhreppur	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Svalbarðsstrandarhreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra				3000000	2.500.000	8500000
Svalbarðsstrandarhreppur	Viðhald	Norðurland Eystra						
Sveitarfélagið Árborg	Hreinsun	Suðurland						
Sveitarfélagið Árborg	Nýframkvæmd	Suðurland		625.163				
Sveitarfélagið Árborg	Viðhald	Suðurland						
Sveitarfélagið Hornafjörður	Hreinsun	Suðurland						
Sveitarfélagið Hornafjörður	Nýframkvæmd	Suðurland						
Sveitarfélagið Hornafjörður	Viðhald	Suðurland						
Sveitarfélagið Skagafjörður	Smölun	Norðurland Vestra	140.000	116.000	100.000	80.000	60.000	60.000
Sveitarfélagið Skagafjörður	Hreinsun	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Skagafjörður	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Skagafjörður	Viðhald	Norðurland Vestra	3.438.000	2.787.000	2.211.000	2.906.000	4.359.000	2.273.000
Sveitarfélagið Skagaströnd	Smölun	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Skagaströnd	Hreinsun	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Skagaströnd	Nýframkvæmd	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Skagaströnd	Viðhald	Norðurland Vestra						
Sveitarfélagið Vogar	Smölun	Suðurnes						
Sveitarfélagið Vogar	Hreinsun	Suðurnes						
Sveitarfélagið Vogar	Nýframkvæmd	Suðurnes						
Sveitarfélagið Vogar	Viðhald	Suðurnes	250.000	250.000	250.000	250.000	250.000	250.000
Sveitarfélagið Ölfus	Smölun	Suðurland						
Sveitarfélagið Ölfus	Hreinsun	Suðurland						
Sveitarfélagið Ölfus	Nýframkvæmd	Suðurland						
Sveitarfélagið Ölfus	Viðhald	Suðurland						
Tálknafjarðarhreppur	Smölun	Vestfirðir						
Tálknafjarðarhreppur	Hreinsun	Vestfirðir						
Tálknafjarðarhreppur	Nýframkvæmd	Vestfirðir						
Tálknafjarðarhreppur	Viðhald	Vestfirðir						
Tjörneshreppur	Smölun	Norðurland Eystra						
Tjörneshreppur	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Tjörneshreppur	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Tjörneshreppur	Viðhald	Norðurland Eystra						
Umhverfisstofnun	Hreinsun							
Umhverfisstofnun	Nýframkvæmd							
Umhverfisstofnun	Viðhald							
Vatnajökulsþjóðgaður	Hreinsun							
Vatnajökulsþjóðgaður	Nýframkvæmd							
Vatnajökulsþjóðgaður	Viðhald							
Vegagerðin	Smölun	Allt landið						
Vegagerðin	Hreinsun	Allt landið	284.925	-	-	-	-	-
Vegagerðin	Nýframkvæmd	Allt landið	64.566.396	53.009.418	42.086.546	46839206	49.448.011	87977207



Vegagerðin	Viðhald	Allt landið	80.108.880	92.813.812	92.494.533	91.404.172	103.151.115	116.922.977
Vestmannaeyjabær	Hreinsun	Suðurland						
Vestmannaeyjabær	Nýframkvæmd	Suðurland						
Vestmannaeyjabær	Viðhald	Suðurland						
Vesturbyggð	Smölun	Vestfirðir	337.852	586.048	1.948.100	544.235	336.704	304.347
Vesturbyggð	Hreinsun	Vestfirðir						
Vesturbyggð	Nýframkvæmd	Vestfirðir						
Vesturbyggð	Viðhald	Vestfirðir	148.331	446.534	1.004.804	1.648.371	1.012.924	-
Vopnafjarðarhreppur	Hreinsun	Austurland						
Vopnafjarðarhreppur	Nýframkvæmd	Austurland						
Vopnafjarðarhreppur	Viðhald	Austurland						
Pingeyjarsveit	Smölun	Norðurland Eystra						
Pingeyjarsveit	Hreinsun	Norðurland Eystra						
Pingeyjarsveit	Nýframkvæmd	Norðurland Eystra						
Pingeyjarsveit	Viðhald	Norðurland Eystra	1.183.000	1.323.000	1.020.000	1.310.000	1.202.000	3.296.000
Pingvallabjórðgarður	Smölun	Vesturland	420.000	512.000	375.000	350.000	665.045	133.078
Pingvallabjórðgarður	Hreinsun							
Pingvallabjórðgarður	Nýframkvæmd							
Pingvallabjórðgarður	Viðhald		300.000	700.000	300.000	10.137.134	300.000	-